

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur mánudaginn 6. febrúar 2012 í máli nr. X-193/2010:

Deutsche Bank AG, London branch

(Heiðar Ásberg Atlason hrl.)

gegn

Glitni hf.

(Steinunn Guðbjartsdóttir hrl.)

Mál þetta var þingfest 23. júní 2010. Það var flutt og tekið til úrskurðar 29. nóvember 2011. Áður en úrskurður var kveðinn upp var málið endurupptekið að frumkvæði dómara 5. janúar 2012 og boðað til munnlegs málflutnings um það álitamál hvort leita skyldi álits EFTA-dómstólsins í málinu eða eftir atvikum fresta málinu meðan beðið væri úrlausnar EFTA-dómstólsins vegna álitsumleitunar Hæstaréttar frá 15. desember 2011 í máli nr. 169/2011. Fór munnlegur málflutningar fram 11. janúar sl. um framangreint. Sóknaraðili máls þessa er Deutsche Bank AG, London Branch, Winchester House, 1 Great Winchester Street, London, en varnaraðili er Glitnir hf., Sóltúni 26, Reykjavík.

Upphaflega var portúgalski bankinn Banco Comercial Portugues S.A. sóknaraðili máls þessa, en með yfirlýsingu sem lögð var fram í þinghaldi 23. nóvember 2011 var tilkynnt um framsal kröfunnar. Breyttist aðild málsins þar með, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 91/1991 sem um þetta gilda, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Í úrskurði þessum verður vísað til fyrri sóknaraðila sem BCP til hagræðis.

Sóknaraðili krefst þess að eftirtaldar kröfur hans verði samþykktar sem forgangskröfur við slitameðferð varnaraðila samkvæmt 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Í fyrsta lagi krafa að fjárhæð 2.271.867.500 krónur, sem sundurliðist í höfuðstól að fjárhæð 2.100.000.000 krónur og 16,1% sammingsvexti á dag af þeim höfuðstól frá 11. júní 2008 til og með 11. desember sama ár, að fjárhæð 171.867.500 krónur. Í öðru lagi krafa að fjárhæð 321.198.333 krónur, sem sundurliðist í höfuðstól að fjárhæð 300.000.000 krónur og 16,1% sammingsvexti á dag af þeim höfuðstól frá 12. júní 2008 til og með 17. nóvember sama ár, að fjárhæð 21.198.333 krónur. Í þriðja lagi krafa um dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af 321.198.333 krónum frá 17. nóvember 2008 til 11. desember sama ár, en af 2.593.065.833 krónum frá þeim degi til og með 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 245.857.226 krónur. Sóknaraðili krefst þess einnig að krafa hans um útlagðan kostnað fram til 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 1.290.900 krónur verði samþykkt sem almenn krafa samkvæmt

113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Varnaraðili krefst þess að hafnað verði kröfum sóknaraðila um að framangreindum kröfum hans verði skipað sem forgangskröfum samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 við slitameðferð varnaraðila en kveðst viðurkenna fjárhæð þeirra en að þeim beri að skipa sem almennum kröfum samkvæmt 113. gr. sömu laga, utan að hann krefst þess að staðfest verði niðurstaða slitastjórnar hans um að hafna alfarið kröfu sóknaraðila um útlagðan kostnað að fjárhæð 1.290.000 krónur. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Í þessum þætti málsins krefst sóknaraðili þess aðallega að málinu verði ekki frestað til að bíða niðurstöðu vegna álitsumleitunar Hæstaréttar til EFTA-dómstólsins í máli réttarins nr. 169/2011 en til vara að verði það niðurstaða dómsins að ástæða sé til að fresta úrlausn málsins vegna þeirrar álitsumleitunar að þá leiti dómurinn álit EFTA-dómstólsins sérstaklega í þessu máli. Lagði sóknaraðili fram tillögu að spurningum sem að hans mati skyldi leggja fyrir EFTA-dómstólinn ef til þess kæmi, eftir atvikum til viðbótar þeim spurningum sem dómari teldi rétt að leita svara við. Eru þær tillögur eftirfarandi:

„1. Er það samrýmanlegt EES-rétti, sérstaklega fyrstu undanþágu í 2. gr. tilskipunar nr. 94/19/EB, að samkvæmt íslenskum lögum um innstæðutryggingar séu eingöngu innstæður í eigu innlánsstofnana (e. credit institutions), fyrir þeirra eigin reikning, sem aðild eiga að íslenska tryggingarsjóðnum, undanskildar innstæðutryggingavernd laganna, og svo háttar til, að eingöngu þær innlánsstofnanir (e. credit institutions), sem staðfestu hafa á Íslandi, eiga aðild að þeim sjóði?

2. Skiptir það máli þegar fyrstu spurningunni er svarað hvort aðildarríki, í þessu tilfalli Ísland, hefur nýtt heimild í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar nr. 94/19/EB, sbr. 1. tl. I viðauka, til að undanskilja innstæður í eigu fjármálafyrirtækja (e. financial institutions) innstæðutryggingavernd laganna?“

Varnaraðili lagðist ekki gegn því að beðið yrði úrlausnar EFTA-dómstólsins, eða að leitað yrði sérstaklega ráðgefandi álit í málinu. Taldi varnaraðili að hann teldi ekki ástæðu til að leggja aðrar spurningar fyrir EFTA-dómstólinn en kæmi fram í úrskurði Hæstaréttar frá 15. desember sl. en kvaðst ekki leggjast gegn því að við spurningarnar væri bætt þeim atriðum sem sóknaraðili leggi til telji dómurinn það nauðsynlegt.

Í greinargerð sóknaraðila kemur fram að hinn upphaflegi sóknaraðili sé portúgalskur banki með starfsemi víða um heim en hann starfi samkvæmt portúgölskum lögum og lúti eftirliti portúgalska seðlabankans (Banco de Portugal).

Krafa sóknaraðila er sögð tilkomin vegna tveggja innlána hjá varnaraðila, hinu fyrra að fjárhæð kr. 2.100.000.000, en viðskiptadagur hafi verið 11. júní 2008 og fjárhæðin átt að vera laus til útborgunar 11. desember sama ár og hinu síðara að fjárhæð 300.000.000 krónur, en viðskiptadagur hafi verið 12. júní 2008 og fjárhæðin átta að vera laus til útborgunar 17. nóvember sama ár. Umsamdir vextir hafi í báðum tilvikum verið 16,1%.

Forsaga málsins sé sú að sóknaraðili hafi haft samband við varnaraðila í þeim tilgangi að leggja fé inn á reikning hjá bankanum. Viðskiptin hafi verið gerð að frumkvæði sóknaraðila og í nafni hans.

Þann 9. júní 2008 hafi starfsmaður á vegum sóknaraðila í höfuðstöðvum hans í Lissabon í Portúgal haft samband við varnaraðila í Reykjavík og óskaði eftir því að fá að leggja fé inn á reikning hjá varnaraðila í sex mánuði („ISK 6MT DEPO“).

Samskipti aðila vegna þessa innláns hafi átt sér stað í gegnum Reuters Deal Tracker, samskiptaforrit frá Reuters PLC. Reuters Deal Tracker sé í stuttu máli afgreiðslu- og eftirlitskerfi fyrir gjaldeyrisviðskipti sem geri notendum þess kleift að fylgja viðskiptum sínum eftir og halda utan um skjöl þeim tengdum innan bankakerfisins, bæði fyrir og eftir að viðskiptin eigi sér stað. Samskipti sóknaraðila og varnaraðila í gegnum Reuters Deal Tracker-kerfið séu skráð undir heitinu samtal vegna innlána (e. *Deposit Conversation*).

Samkomulag hafi komist á milli aðila um að BCP legði inn kr. 2.100.000.000 á reikning varnaraðila. Viðskiptadagur hafi verið 11. júní 2008 og fjárhæðin hafi átt að vera laus til útborgunar þann 11. desember sama ár, eða sex mánuðum síðar eins og sóknaraðili hafi óskað eftir. Umsamdir vextir hafi verið 16,1%. Í framhaldinu hafi viðkomandi skilmálar innlánanna farið til skoðunar og yfirferðar hjá sérstakri deild sóknaraðila sem hafi staðfest að þeir væru fullnægjandi.

Til staðfestingar á framangreindu skilmálum hafi BCP sent SWIFT-skilaboð, nr. 7524568997 þann 9. júní 2008 þar sem umsamin viðskipti hafi verið samþykkt. Samdægurs og með sama hætti hafi varnaraðili staðfest viðskiptin, með SWIFT-skeyti, nr. 62222832760, sem og að greiða sóknaraðila vexti samkvæmt skilmálunum að fjárhæð kr. 171.867.500.

Með sama hætti hafi starfsmaður á vegum sóknaraðila í höfuðstöðvum bankans í Lissabon samband við varnaraðila Glitni í Reykjavík, þann 11. júní 2008, og hafi óskað eftir því að fá að leggja inn 300 milljónir króna hjá bankanum („DP ISK 300 MIO“). Samskiptin hafi átt sér stað í gegnum Reuters Deal Tracker með sama hætti og lýst hafi verið hér að framan.

Samkomulag hafi komist á milli aðila um að BCP legði kr. 300.000.000 inn á reikning varnaraðila. Viðskiptadagur hafi verið 12. júní 2008. Fjárhæðin hafi átt

að vera laus til útborgunar þann 17. nóvember 2008. Umsamdir vextir hafi verið 16,1%.

Þann 11. júní 2008 hafi sóknaraðili sent SWIFT-skeyti nr. 7524586841 til staðfestingar á framangreindum skilmálum og þar séu framangreind viðskipti samþykkt. Samdægurs og með sama hætti hafi varnaraðili staðfest viðskiptin, með SWIFT-skeyti, nr. 6222835226, sem og að greiða sóknaraðila vexti samkvæmt skilmálunum að fjárhæð kr. 21.198.333.

Innlán sóknaraðila hafi verið skráð sem peningamarkaðsinnlán í bókum sóknaraðila (e. *money market deposits*).

Innlán sóknaraðila hafi átt að vera laus til útborgunar þann 17. nóvember og 11. desember 2008. Fjárhæðirnar hafi hins vegar ekki verið greiddar inn á reikning sóknaraðila eins og samið hefði verið um. Sóknaraðili hafi kannað stöðu mála í framhaldinu og óskað eftir framangreindum greiðslum, án árangurs. Sóknaraðili hafi í kjölfarið lýst kröfu í bú varnaraðila Glitnis

Fjármálafyrirtækinu Glitni banka hf. hafi verið skipuð slitastjórn þann 12. maí 2009. Slitastjórnin hafi gefið út innköllun til skuldheimtumanna varnaraðila Glitnis þann 25. maí 2009 og hafi hún birst í Lögbirtingarblaðinu þann 26. maí 2009. Kröfulýsingarfresti hafi lokið þann 26. nóvember sama ár. Upphafsdagur kröfumeðferðar miðist við gildistöku laga nr. 44/2009 og hafi verið 22. apríl 2009, sbr. 2. tölulið ákvæðis II til bráðabirgða þeirra laga.

Á kröfulýsingartímabili varnaraðila Glitnis hafi sóknaraðili lýst forgangskröfu samkvæmt 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 (hér eftir „lög um gjaldþrotaskipti“), sbr. 3. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (hér eftir „lög um fjármálafyrirtæki“). Nánar tiltekið hafi sóknaraðili lýst forgangskröfu að fjárhæð kr. 2.838.923.059, almennri kröfu að fjárhæð kr. 149.713.539 og eftirstæðri kröfu að fjárhæð kr. 2.861.551 vegna innlána til varnaraðila Glitnis frá 11. júní 2008 til 11. desember 2008. Auk kröfu um greiðslu höfuðstóls innlánanna hafi verið gerð krafa um sammingsvexti vegna tímabilsins frá viðskiptadegi, 11. og 12. júní 2008, til lausnardaga innlánanna, 11. desember og 17. nóvember 2008. Þá hafi verið gerð krafa um dráttarvexti frá lausnardegi til og með 22. apríl 2009. Jafnframt hafi verið krafist kostnaðar sóknaraðila sem fallið hafi til bæði fyrir og eftir 22. apríl 2009. Sóknaraðili haldi í dómsmáli þessu fast við allar kröfur sínar gagnvart varnaraðila Glitni til og með 22. apríl 2009, en áskilji sér allan rétt varðandi aðrar kröfur.

Með bréfi dagsettu 4. desember 2009 hafi slitastjórn varnaraðila Glitnis hafnað að krafa sóknaraðila nyti þeirrar rétt hæðar í skuldaröð sem krafist hafi verið. Ekki hafi verið tekin afstaða til þess hvort krafan yrði viðurkennd sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga um gjaldþrotaskipti eða til fjárhæða.

Með bréfi dagsettu 16. desember 2009 hafi kröfuhafi mótmælt afstöðu slitastjórnar um að hafna forgangsröð kröfu sóknaraðila með þessum hætti. Ekki hafi tekist sátt milli slitastjórnar varnaraðila og sóknaraðila á fundi þann 17. desember 2010 og því hafi skiptastjóri beint málinu til héraðsdóms, sbr. 121. gr. laga um gjaldþrotaskipti.

Varnaraðili hefur ekki haft uppi sérstök andmæli við framangreindri málavaxtalýsingu sóknaraðila, en telur að umrædd viðskipti séu peningamarkaðslán milli tveggja bankastofnana og séu því ekki innstæður. Þykir ekki ástæða til að rekja sérstaklega málavexti eins og varnaraðili setur þá fram en í ljósi þess að hann byggir á að framangreind viðskipti séu lánaviðskipti milli tveggja bankastofnana en ekki innlán eins og sóknaraðili byggir á orðar hann lýsingu sína á viðskiptunum með öðrum hætti þó ekki sé í sjálfu sér ágreiningur um atburðarás.

II

Ekki þykir ástæða til að rekja málsástæður aðila nákvæmlega. Nægir hér að gera grein fyrir því að báðir aðilar vísa til þess að kjarni þess ágreinings sem er milli þeirra í málinu snúist um það hvort þeir fjármunir sem sóknaraðili sannanlega lagði varnaraðila til í þau tvö skipti sem hér að framan er lýst teljist vera innstæða í skilningi 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 og njóti því stöðu skv. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. í slitabúi varnaraðila, sbr. 1. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002, sem bætt var inn í lögin með 6. gr. laga nr. 125/2008. Vísar sóknaraðili m.a. til þess að Hæstiréttur hafi þegar komist að niðurstöðu um að svokölluð heildsöluinnlán sé innstæður í framangreindum skilningi og að engin rök standi til þess að annað eigi við um peningamarkaðsinnlán sóknaraðila. Varnaraðili hafnar því að þeir dómur sem um ræðir hafi fordæmisgildi varðandi ágreining málsaðila í þessu máli og telur m.a. að verulegu máli skipti að sóknaraðili sé bankastofnun.

III

Í forsendum úrskurðar Hæstaréttar 15. desember 2011 í máli nr. 169/2011 er lýst nánar greindum viðskiptum erlends banka við íslenskan banka og eru þau viðskipti í öllum meginatriðum með sama hætti og þau viðskipti sem aðilar máls þess stofnuðu til. Þá er þar rakinn aðdragandi þeirra atburða í íslensku efnahagslífi sem leiddi til falls íslensku bankanna, þar á meðal varnaraðila, og lýst þeim lagabreytingum sem gerðar voru af því tilefni og nánar tilgreindum aðgerðum stjórnvalda í kjölfarið.

Eru í úrskurðarorði lagðar þrjár spurningar fyrir EFTA-dómstólinn, en aðeins fyrri tvær spurningarnar skipta máli varðandi það mál sem hér er til úrlausnar og eru eftirfarandi:

„1. Geta fjármunir sem bankinn A afhendir bankanum B og B ber að endurgreiða A á fyrirfram umsömdum degi ásamt vöxtum sem sérstaklega hefur verið samið um, talist innstæða í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 94/19/EB um innlánatryggingakerfi, þótt fjármunirnir hafi hjá B ekki verið lagðir inn á sérstakan reikning á nafni A, B hafi ekki gefið út sérstök skilríki til A fyrir móttöku þeirra, ekki hafi verið greitt af fjármununum iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og fjármunirnir ekki færðir sem innstæða í bókum B? Við það er miðað í spurningunni að bankarnir A og B hafi starfsleyfi sem viðskiptabankar hvor í sínu

ríkinu á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. Skiptir máli þegar fyrstu spurningunni er svarað hvort heimaríki bankans B hefur nýtt heimild í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/19/EB um innlánatryggingakerfi, sbr. 1. tölulið I. viðauka tilskipunarinnar, til að undanþiggja innstæður fjármálafyrirtækja innstæðutryggingarvernd?“

Framangreindar spurningar falla í öllum liðum að því ágreiningsefni sem aðilar þess máls sem hér er til úrlausnar hafa lagt fyrir dóminn og kallast málsástæður þær sem hvor aðili fyrir sig byggir á algerlega á við hvern einstakan lið spurninganna. Er hér um kjarnaatriði fyrirliggjandi ágreinings aðila að ræða.

Sóknaraðili máls þess byggir einkum á því að fjármunir þeir sem hann lét varnaraðila í té með þeim viðskiptum sem að framan er lýst teljist innstæða í skilningi 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999. Fyrir liggur að tilvitnuð lög voru einkum sett í því skyni að fullnægja þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum, sbr. tilskipanir 94/19/EB um innlánatryggingakerfi og 97/9/EB um tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið skal skýra lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja. Af málalíbúnaði beggja málsaðila leiðir að við úrlausn þess ágreinings sem hér er uppi reynir á skýringu hugtaksins innstæða í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999.

Fyrir liggur að Hæstiréttur hefur leitað álits EFTA-dómstólsins til skýringar fyrirnefndu hugtaki í tilefni af sambærilegum lögskiptum. Að því virtu er það mat dómsins að ekki sé unnt að ráða máli þessu til lykta á lægra dómstigi fyrr en framangreint álit EFTA-dómstólsins liggur fyrir. Á hinn bóginn þykir ekki ástæða til að leita sjálfstætt álits EFTA-dómstólsins í þessu máli, enda falla þær spurningar sem Hæstiréttur hefur þegar lagt fram algerlega að því álitamáli sem hér er til úrlausnar. Ekki er fallist á með sóknaraðila að ástæða sé til að leggja fyrir EFTA-dómstólinn þær spurningar sem sóknaraðili gerði tillögu að í bókun 11. janúar sl.

Með vísan til laga nr. 21/1994 um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 1. gr., sbr. og lokamálslið 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991 er það mat dómsins að unnt að fresta máli í því skyni að bíða ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins þrátt fyrir að dómari hafi ekki óskað þess álits sjálfur enda sé um að ræða sambærilegt álitæfni. Er það því niðurstaða dómsins að úrlausn máls þessa skuli fresta þar til fyrir liggur niðurstaða EFTA-dómstólsins vegna fyrirnefndrar álitsumleitunar. Þá er og hafnað kröfu sóknaraðila að leitað verði sérstaklega ráðgefandi álits vegna máls þess sem hér er til úrlausnar.

Halldór Björnsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð

Máli þessu er frestað þar til fyrir liggur ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins vegna álitsumleitunar Hæstaréttar í máli nr. 169/2011.

Hafnað er kröfu sóknaraðila, Deutsche Bank AG, London branch, að leitað verði álits EFTA-dómstólsins sérstaklega í þessu máli.

Halldór Björnsson